

# LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS



HAFNARHVOLI VÍÐ TRYGGVAGÖTU · P.O. BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL 354 1 29500 · TELEFAX 354 1 16056 · TELEX 2090 VESSEL IS

Nefndasvið Alþingis,  
v/allsherjarnefndar,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 122/442*  
*komudagur 8.12.197*

Reykjavík, 5. desember 1997.

Samtökin hafa fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um lögmenn, 57. mál, sbr. bréf Alþingis dags. 23 október sl.

Með bréfi dags. 4. marz 1997 gáfu samtökin eftirfarandi umsögn um sama frumvarp, sem hefur verið lagt fram aftur á þessu 122. þingi.

“Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins, sbr. greinargerð, sérstaklega á bls. 11 í hinu prentaða frumvarpi, kemur fram að einkaréttur lögmanna til málflutnings, skuli ekki einungis ná til flutnings dómsmála fyrir Hæstarétti og héraðsdómi, heldur einnig sérdómstólunum. Er þar sérstaklega nefndur Félagsdómur.

Samtökin lýsa sig algerlega mótfallin því, að þeim, sem og öðrum samtökum atvinnurekenda og launþega, verði gert ókleift að fela fastráðnum lögfræðingum í þjónustu sinni að fara með mál um ágreining um ákvæði kjarasamninga fyrir Félagsdómi, þar sem viðkomandi hafi ekki lögmansréttindi á þeirri stundu, heldur verði að fela utan að komandi lögmanni að flytja málið fyrir Félagsdómi, þótt sá hinn sami hafi enga sérþekkingu varðandi ágreiningsefnið um túlkun kjarasamninga gagnstætt hinum fastáðnu lögfræðingum.

Samtökin hafa tekið saman meðfylgjandi skrá yfir þá lögfræðinga, sem flutt hafa mál fyrir hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda til og með 1992 og fjölda þeirra mála, sem þeir hafa flutt. Alls eru þetta 13 lögfræðingar, sem fluttu samtals 32 mál fyrir Félagsdómi.

Samtökin leggja áherzlu á það, að ekki er annað vitað en að þessir lögfræðingar hafi valdið verkefninu og engar kvartanir eða athugasemdir verið gerðar varðandi málflutning þessara aðila fyrir Félagsdómi.

Að endingu ítreka samtökin mótmæli sín við því, að felld verði niður sú heimild að hagsmunasamtök geti falið lögfræðingum sínum, sem ekki hafa lögmansréttindi, að fara með mál fyrir Félagsdómi. Á sama hátt er því mótmælt að efni 21. gr. núgildandi laga um málflytjendur nr. 61/1942 verði felld niður, þ.e. að embættisgengir lögfræðingar án lögmansréttinda í þjónustu félaga og félagasamtaka fái að flytja mál þeirra fyrir héraðsdómi”.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna

*Kristján Ragnatsson*  
Krstján Ragnatsson